

# Söfnuðurinn Messías Fríkirkja hittist tvisvar í viku í bílskúr við Rauðarárstíg: Stuðaði safnaðarfólk og missti því prestsembætti

— menn óttuðust bókstafstrú mína, segir séra Guðmundur Örn Ragnarsson

„Ég var prestur í þjóðkirkjunni í 12-13 ár og hagaði mér lengst af ekkert frábrugðið öðrum prestum en kynni mín af öðrum kirkjum urðu til þess að ég fór að boða fagnaðarerindið bókstaflega. Það varð til þess að ég missti prestsembætti. Ég gerðist meðlimur í Orði lífsins en sótti aftur og aftur um prestakall innan þjóðkirkjunnar en fékk ekki því að menn óttuðust bókstafstrú mína, ég væri of bibliulegur. Ég hegðaði mér ekki lengur eins og flestir þjóðkirkjuprestar gera, sem predika ekki neitt sem máli skiptir, síst af öllu hreint Guðs Orð, og hafa engar skoðanir. Ég vildi þó koma aftur inn í þjóðkirkjuna til að predika Guðs Orð,“ segir séra Guðmundur Örn Ragnarsson.

Séra Guðmundur Örn er leiðtogi lítils safnaðar, sem hann stofnaði skömmu eftir áramótin eftir að hann fékk köllun til þess frá Guði, og kallar söfnuðinn Messías Fríkirkju. Um 15 manns eru í söfnuðinum, aðallega menn sem höfðu verið með Guðmundi Erni í bænahópi. Söfnuðurinn kemur saman tvisvar í viku í bílskúr við Rauðarárstíg. Bílskúrin leigir kirkjan og gengur samskotabaukur á safnaðarsamkomum til að greiða útgjöld. Naft safnaðarins hefur skirskotun til Jesú Krists, Messías þýðir Hinn Smurði eða Kristur.

## Fjölgar hratt ef Guð lofar

„Þegar kirkjur eru stofnaðar þá fær einn maður köllun að leiða söfnuð. Hann fær köllunina gegnum samfélag sitt við Guð og finnur fyrir því að Guð talar til hans. Þegar

prestar í þjóðkirkjunni hafa verið kallaðir þýðir það að Guð hafi talað til þeirra. Guð gerir gjarnan meira en að segja bara: þú ert kallaður, punktur og basta. Hann leiðir menn inn í eitthvað ákveðið. Þó að ég hafi talið að minn staður væri í þjóðkirkjunni í 13 ár þá sannfærðist ég loks um að það væri ekki vegna þess að Guð hindraði það að ég tæki við prestakalli,“ segir séra Guðmundur Örn.

Hann segir að eftir síðustu áramót hafi Guð talað til sín um það að verða leiðtogi nýs safnaðar og í framhaldi af því hafi hann tekið bílskúrinn á leigu en þar eru sæti fyrir 20 manns. Guðmundur vonast til þess að söfnuðurinn stækki hratt ef Guð lofar.

## Biskup var órólegur

Séra Guðmundi Erni liggur margt á hjarta í sambandi við þjóðkirkjuna og gagnrýnir hana, yfirstjórn hennar og prestana hart. Hann telur prestana ekki fara eftir markvissum, skýrum og bibliulegum kenningum kirkjunnar og segir að frjálsir söfnuðir fylgi kenningum þjóðkirkjunnar mun bestur en þjóðkirkjan sjálf. Hann segist hafa farið sem farprestur milli kirkna í veikindum eða fjarveru presta þjóðkirkjunnar fyrir nokkrum árum og predikað „dálítið öðruvísi en menn áttu að venjast,“ segir hann útskýrir það.

Séra Guðmundur Örn hefur verið umdeildur prestur og nefnir hann sem dæmi um viðbrögð innan þjóðkirkjunnar uppistand sem varð á Seltjarnarnesi fyrir fimm árum þegar



Séra Guðmundur Örn Ragnarsson segir að það væru fá vandamál í 300 þúsund manna þjóðfélagi ef prestarnir væru trúir köllun sinni og fólkið beygði sig undir vilja prestsins og gera eins og hann segir. Prestarnir gætu skipt fólkinu upp í litla hópa og allir væru virkir í daglegu lífi og boðuðu fagnaðarerindið á sínum vinnustað. DV-mynd Pjetur

ar hann predikaði í fjarveru séra Solveigar Láru Guðmundsdóttur og þótti ganga full hart fram þó að svo sé ekki að hans eigin mati.

„Biskupinn hefði átt að vera ánægður með það en var það ekki. Þess í stað varð hann órólegur yfir því að ég stuðaði söfnuðinn með bókstafspredikun,“ segir hann.

„Í marga áratugi höfum við prestar predikað eins og við höldum að fólkinu líki, ekki eins og Guði líkar, til þess að fólkið sé ánægt tilfinningalega. Þegar ástæða hefur verið til höfum við látið undir höfuð leggjast að koma með umvandanir við fólkið eins og heilög ritning segir okkur þó að gera. Jafnvel við útfarir er fólkinu sagt að allir segi á leið til Guðs þó að ritningin sé að það eigi enginn inngöngu í Guðs ríki nema fyrir trú á Jesú Krist. Þegar svo þetta er loks boðað við útför þá finnur söfnuðurinn til fordæmingar. Flestir segjast kristnir en trúna þó í raun ekki á Jesú Krist sem frelsara sinn,“ segir hann.

## Meinið í þjóðkirkjunni

„Meinið er að þjóðkirkjan og margar aðrar kirkjur eru raunverulega ekki lifandi kirkjur heldur dauðar vegna þess að fólkið í þeim skynjar ekki hvað það er að vera limur á líkama Krists, að gefast Jesú Kristi og kirkjunni. Þegar fólk gefst kirkjunni þá er það ekki bara til þess að þjóna öðrum í kirkjunni.“ Séra Guðmundur Örn minnir á að stærsti söfnuðurinn í heimi, sem er í Kóreu og telur að minnsta kosti 750 þúsund manns, skiptist niður í litla hópa. Sjálfsboðaðar sinni þeir því að leiðtögunn nái ekki að sinna öllum þessum fjölda.

„Þetta sama gildi í frumkirkjunni og ætti að gilda í þjóðkirkjunni með biskup yfir og svo skiptist kirkjan niður. Það væru fá vandamál í 300 þúsund manna samfélagi ef prestarnir væru trúir köllun sinni frá Guði og fólkið væri tilbúið til þess að setja sig undir prestinn sinn og gera eins og hann segir, samanber Langholtskirkju. Þá getur prestur-

inn skipt fólkinu upp í hópa og gert því að koma saman í heimahúsum. Í daglegu lífi væru allir virkir og boðuðu fagnaðarerindið á sínum vinnustað og vitnuðu í Jesú sem frelsara og Drottin til að fá fólk inn í hópinn til að fá nýtt fólk í kirkjuna,“ segir hann.

## Þjóðin er heiðin

„Í dag er full ástæða til að stunda trúboð á Íslandi eins og þetta væri heiðið land. Okkar þjóð kallar sig kristna en aðeins fá prósent hennar eru raunverulega kristin og flest þeirra í þjóðkirkjunni, því miður. Aðeins kristið siðferði, ekki kristindómur, hefur lengi ríkt hér á landi en nú er það smátt og smátt að brotna niður því að grundvöllinn, trúna, vantar,“ segir séra Guðmundur Örn.

Hann bendir á að vestræn menningarþjóðfélög hafi byggst á kristinni trú. Þegar fólkíð gangi af trúnni þá hverfi kristin hugsunaráttur og siðferði smám saman, ekki sé lengur kristin hugsun á bak við heilsugæslu. Menn hætta að skeyta um börn í móðurkviði, þau séu réttfræg, og margvísleg lög gangi í gildi í andstöðu við Guðs Orð, „eins og kynvillulög, lög um tæknifjórðugun og kynskiptiágerðir þar sem á að örkuð fólk,“ segir hann.

„Ef við værum kristin þjóð þá myndu svona hlutir ekki líðast því að okkar kristna siðferðisvitund sæi til þess. Ef þessi siðferðisnignun fær að renna sitt skeið til enda hrynur okkar íslenska, vestræna velferðarþjóðfélag. Það eina sem getur bjargað okkur er kristin trúarvakning og Messías Fríkirkjan gæti einmitt verið upphafið að slíkri vakningu,“ segir hann.

-GHS



Séra Guðmundur Örn Ragnarsson fékk köllun frá Guði um áramótin til að stofna lítinn söfnuð og verða leiðtogi hans. Um 15 manns eru í söfnuðinum nú og hittast þeir tvisvar í viku í bílskúr við Rauðarárstíg. Guðmundur Örn vonast til að söfnuðurinn stækki fljótt enda geti siðferðisnignun í þjóðfélaginu orðið til þess að hið íslenska velferðarþjóðfélag hrynur. Það eina sem geti bjargað sé kristin trúarvakning. DV-mynd Pjetur